

Föstudaginn 1. október 1943.

Nr. 102/1942. **Réttvísinn**

gegn

**Kristni Guðmundi Guðbjartssyni.**

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Áður mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómara að kveðja þau Stefán Guðmund Stefánsson og Magneu Ólafsdóttur fyrir dóm á ný, fara með þeim vandlega yfir framburði þeirra, er þau þegar hafa gefið, spyrja þau frekar, ef efni gefst til, og eiðfesta þau síðan.

Því úrskurðast:

Héraðsdómari skal framkvæma framhaldsrannsókn þá, er að ofan greinir.

Miðvikudaginn 6. október 1943.

Nr. 119/1942. **Gunnar Guðmundsson f. h. Kristins Gunnarssonar** (Theódór B. Lindal)

gegn

**Péttri Jónssyni f. h. Elísabetar Pétursdóttur og gagnsök** (Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigurður Eggerz bæjarfógeti.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. des. f. á., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, en til vara

að dæmd fjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. febr. þ. á., áfrýjað málinu með stefnu 11. s. m. og krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3974.72 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1942 til greiðsludags. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að stúlkan Elísabet eigi aðalsök á slysinu. Hins vegar er ekki komin fram full sönnun þess, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði þegar, er hann varð stúlkunnar var, beygt frekar en hann gerði til vinstri og upp í lóð hússins nr. 35 við Brekkugötu, en ætla verður eftir málflutningnum hér fyrir dómi, að honum hefði verið þess kostur. Samkvæmt 34. gr. laga nr. 23 frá 1941 kemst aðaláfrýjandi því ekki hjá því að greiða gagnáfrýjanda bætur, er þykja alls hæfilega ákveðnar kr. 1000.00 með vöxtum eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 800 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Gunnar Guðmundsson f. h. Kristins Gunnarssonar, greiði gagnáfrýjanda, Pétri Jónssyni f. h. Elisabetar Pétursdóttur, kr. 1000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1942 til greiðsludags og samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 5. okt. 1942.

Mál þetta hefur höfðað Pétur Jónsson skósmiður, Brekkugötu 33, Akureyri, fyrir hönd dóttur sinnar, Elisabetar Pétursdóttur, sama staðar, fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn Gunnari Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Lækjargötu 16, Akureyri, fyrir hönd ósjálfráðs sonar hans, Kristins Gunnarssonar, sama staðar, eiganda bifreiðar-

innar A 283. Stefnandinn kveðst munu gera þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 4028.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. marz 1942 til greiðsludags svo og málskostnað, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 581.50. Jafnframt hefur stefnandinn stefnt Guðm. Péturssyni, útgerðarmanni, f. h. Sjóvátryggingarfélagi Íslands til að gæta réttar síns í málinu, en hjá því félagi er keypt trygging fyrir bifreiðinni. En kröfur hafa engar verið gerðar af hálfu félagsins.

Stefndur krefst algerðrar sýknu og málskostnaðar, en til vara hefur hann krafizt lækkunar á stefnukröfunni, bæði af þeirri ástæðu, að hún sé of há, og þeirri, að skipta beri sökinni á ofangreindu slysi.

Málsatvik eru þau, að 31. júlí 1941 ók Steingrímur Pétursson bifreiðinni A 283 norður Brekkugötu. Var hann að flytja Ara Kristjánsson út á verkstæðið Mjölni hér í bæ. Þegar hann kom fram hjá Baldurshaga nr. 35, varð árekstur milli bifreiðarinnar og stúlku, sem kom norðan götuna á stighjóli. Lenti framhjól bifreiðarinnar á framhjóli reiðhjólans, og laskaðist það verulega, en við það hafði stúlkan fallið af baki og meiðzt, sérstaklega á fæti. Lá hún rúmföst við slæma liðan í einn mánuð. Stúlkan vissi ekki fyrr af en bifreiðin rakst á hana, féll hún þá niður meðvitundarlaus og getur því ekki gefið skýrslu um áreksturinn.

Opinbert mál var höfðað gegn bifreiðarstjóra bifreiðarinnar vegna slyssins, og lauk því með dómi undirréttarins 18. marz 1942, réttarskjal 15, en með þeim dómi var stefndur algerlega sýknaður, og var ákveðið, að málskostnaður skyldi greiðast úr opinberum sjóði, en í sambandi við málshöfðun þessa fór fram rannsókn á slysinu.

Í forsendum dómsins segir meðal annars:

„Lögreglan kom á staðinn og skýrði svo frá: Áreksturinn varð fram af syðri tröppum hússins Brekkugötu 35 milli bifreiðarinnar A 283 og stighjólans, er konan Elisabet Pétursdóttir, Brekkugötu 35, kom á norðan Brekkugötuna frá vinnu sinni í verksmiðju S. Í. S. á Gleráreyrum. Fyrir bifreiðarinnar sáu greinilega á vesturkanti brautarinnar, og markaði glögg fyrir, þar sem hún hafði bremsað, því að laus mól var þarna á vegarbrúninni, og hafði bifreiðin snúizt til vesturs við það, að bremsurnar voru settar á. Fyrir reiðhjólans sáu vel yfir veginn. Bremsuförin voru nákvæmlega 3.75 metrar. Vinstra framhjól bifreiðarinnar hafði lent á framhjóli reiðhjólans og laskað það allverulega, en við það hafði stúlkan fallið af baki og meiðzt, sérstaklega á fæti.

Eigandi bifreiðarinnar A 283 er Kristinn Gunnarsson, Lækjargötu 15. Farþegi í bifreiðinni var Ari Kristjánsson starfsmaður í verzluninni Eyjafjörður. Annars ók bifreiðin A 283 norður Brekkugötu.

Var allmikil umferð á götunni.

Þegar kom norður á móts við húsið Brekkugötu 33, kom ensk flutningabifreið með hárrí yfirbyggingu norðan götuna á vinstra kanti brautarinnar. Og segir ákærði, að þar sem gatan sé þarna mjó, en að milli húsanna 33 og 35 stendur staur í vesturkanti götunnar, enska bifreiðin aftur fyrirferðamikil, beygði A 283 aðeins til vesturs, er komið var norður fyrir staurinn, en í sama bili kom stúlkan á reiðhjóli, er fylgt hafði eftir ensku bifreiðinni á austurkanti brautarinnar, svo að segja þvert yfir götuna beint framan við A 283. Var þá eina úrræðið, segir hann, að snarstoppa, eins og ákærði gerði, en bifreiðin dróst litið eitt eftir veginum og lenti því á reiðhjólinu. Lögreglan bjó til riss yfir staðinn, og hefur ákærði ekkert við það að athuga, og virðist mega leggja riss lögreglunnar til grundvallar.

Framburður stúlkunnar, er varð fyrir slysinu, sýnir, að þegar hún tók beygjuna upp að verzlunarhúsinu Baldurshaga, vissi hún eigi fyrir en bifreiðin rakst á hana.

Stúlkan getur ekkert borið um hraða bifreiðarinnar, enda heldur, að hún hafi strax orðið meðvitundarlaus.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn skoðaði bifreiðina snemma í júlí s. l. Var hún í lagi að öðru leyti en því, að hraðamælirinn var bilaður. En honum var kunnugt um, að efni til að laga þetta vantaði, og lét hann það því átölulaust.

Ákærði gaf ekki hljóðmerki, og virðist honum eigi hafa borið skylda til þess.

Ákærði segist munu hafa ekið með 15 km hraða, 2 vitni segja, að hann hafi ekið fremur hægt, en eitt vitni segir, að hann hafi ekið nokkuð hart.

Ákærði var eigi undir áhrifum vins, enda er reglusamur maður.

Þar sem ákærði gat eigi séð stúlkuna vegna ensku bifreiðarinnar, en stöðvaði hins vegar bifreiðina strax og hann sá hana, og þar sem eigi er sannað, að ákærði keyrði of hart, en varla hægt að gefa honum að sök, þó að hraðamælirinn væri eigi í lagi, þar sem efni til aðgerðar á honum vantaði, sbr. athugasemd bifreiðaeftirlitsmannsins, þá þykir, þar sem eigi verður annað séð en ákærði hafi gætt fullrar aðgæzlu, mega sýkna hann af ákæru réttvísinnar og einnig af broti á bifreiða- og umferðarlögunum.“

Undir skaðabótamálinu eins og einnig undir hinu opinbera máli hefur af hálfu umboðsmanns stefnanda verið lögð áherzla á að sýna fram á, að teikning lögreglunnar á réttarskjali 28 væri ekki rétt, en hins vegar beri að fara eftir teikningu þeirri, er gerð hefur verið eftir fyrirsögn stefnanda á réttarskjali 6.

Eitt vitni, Hallgrímur Vilhjálmsson, hefur verið færður undir þessu máli.

Segir hann, að uppdráttur á réttarskjali 6 sé réttari en uppdráttur lögreglunnar á réttarskjali 28. Segir hann, að Elisabet, sem fyrir

slysinu varð, hafi legið sem næst í girðingalinunni, og segir, að álit sitt sé, að slysstaðurinn sé ívið of vestarlega á réttarskjali 6, en of austarlega á réttarskjali 28. Hins vegar voru teikningar lögreglunnar gerðar eftir mælingum, sem strax voru gerðar. Og að því leyti sem teikningin á réttarskjali 6 er gerð eftir fyrir-sögn stefnanda, þá ber sjálf sáttakæran með sér, að hann hefur eigi fylgzt nægilega vel með því, sem gerðist, þar sem hann virðist halda því fram, að hermannaþinginn hafi ekið á eftir stúlkunni, en hann ók á undan henni, einmitt rétt áður en slysið varð.

Það virðist því eigi heldur undir skaðabótamálinu koma neitt það fram, sem raski gildi riss þess, sem lögreglan gerði á réttarskjali 28.

Samkvæmt ósk stefnanda hafa verið útnefndir 2 menn til að meta, hve hart bifreiðin A 283 hafi ekið, úr því hún rann 3.75 metra, áður en hún stöðvaðist, og hafa þeir samkvæmt réttarskjali 17 metið, að hraðinn hafi verið h. u. b. 20 km á klukkustund.

Að visu er þessi hraði nokkuð meiri en ákærði hélt fram undir hinu opinbera máli, en ekkert virðist þó koma fram undir skaðabótamálinu, er raski þeirri niðurstöðu, sem tilvitnaður dómur komst að, um að eigi lægju sannanir fyrir, að bilstjórinn ætti sök á árekstrinum. Hins vegar verður það heldur eigi talið sannað, að slysinu hefði eigi getað orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði ekið lítið eitt austar á götunni, og má vera, að hann hefði getað það án þess að rekast á ensku bifreiðina. Þá er rélt að taka það fram, að visu var bifreiðin sjálf í lagi, en hraðamælir bifreiðarinnar var eigi í lagi, og má vera, að ef svo hefði verið, að bilstjórinn hefði þá farið hægara og þannig átt léttara með að stöðva bifreiðina, svo að hægt hefði verið að komast hjá slysinu. Samkvæmt þessu ber að líta svo á, að eigandi bifreiðarinnar, stefndur, sé skaðabótaskyldur, en hins vegar ber og að líta svo á, að stúlkunni, sem ók á eftir ensku bifreiðinni, beri skylda til að ihuga, áður en hún fór yfir götuna, hvort þar gæti verið hætta á ferðum, og jafnvel þótt út frá því væri gengið, sem mótmælt hefur verið, að hún hafi verið komin yfir götuna, er áreksturinn varð, þá er þó á það að líta, að einmitt fyrir þá sök, að bilstjórinn á A 283 sá stúlkuna á götunni fyrir framan sig, þá varð hann að snarstoppa, og einmitt það leiddi til árekstursins.

Samkvæmt þessu ber því að líta svo á, að stúlkun eigi nokkra sök á slysinu.

Stefnandinn sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1. Sjúkrahúskostnaður (Röntgengeislar) .....	kr.	18.00
2. Læknis- og lyfjakostnaður .....	—	29.00
3. Nuddkostnaður .....	—	90.00
4. Hjúkrun í 30 daga, kr. 3.00 á dag .....	—	90.00

5. Eyðilagðir silkisokkar .....	kr.	10.00
6. Eyðilagt reiðhjól .....	—	100.00
7. Bilkostnaður (flutningur á sjúkrahúsið) .....	—	28.50
8. Atvinnutjón 3 $\frac{3}{4}$ —2 $\frac{4}{10}$ 1941 .....	—	609.22
9. Bætur fyrir sársauka og þjáning .....	—	2000.00

Samtals kr. 2974.72

Að því er 1. lið snertir, er reikningur fyrir honum, sem ekkert virðist athugavert við, og ber því að taka hann til greina.

Að því 2. snertir, er reikningur fyrir kr. 20.50, en eftirstöðvarnar kr. 8.75, sem er mótmælt, verða eigi teknar til greina.

3. Er reikningur fyrir honum, sem ekkert virðist athugavert við, og ber að taka hann til greina.

4. Umboðsmaður stefnda hefur mótmælt þessum lið, af því að það sé greiðsla fyrir vist stúlkunnar á heimilinu og eigi því að greiðast af 8. lið, ef hann verði tekinn til greina, en ef henni hafi eigi verið greitt fyrir vist sína á heimilinu, þá sé annar aðili en hún, sem geti gert þess kröfu gildandi. Á þetta verður eigi fallizt, þar sem þessi reikningur virðist vera fyrir sérstaka hjúkrun vegna veikindanna og er sanngjarn, og ber því að taka hann til greina.

Að því er lið 7 snertir, þá eru reikningar fyrir þessum lið, sem ekkert virðist athugavert við, og ber því að taka hann til greina.

Að því er 8. lið snertir, þá er samkvæmt vottorði forstjóra skinnaverksmiðjunnar Iðunnar kaup stúlkunnar fyrir þann tíma, sem hún var forfölluð, kr. 609.22. — Þessu vottorði er að vísu mótmælt, en kaupkrafta þessi virðist svo sanngjörn, að rétt virðist að taka hana til greina, enda eru mótmæli umboðsmanns stefnds gegn kröfunni ekki ákveðin.

Að því er 9. liðinn snertir, þá hefur umboðsmaður stefnds mótmælt honum sem langt of háum, og í munnlegu málfærslunni hefur hann talið, að eigi geti verið að ræða um hærri upphæð en 1000 kr. Samkvæmt vottorði lækneisins á réttarskjali 10 brotnaði vinstri fóturinn rétt fyrir ofan ökla, og stúlkan lá heima í gibsumbúðum í 2 mánuði. Enn þá er nokkur bjúgur í henni við stöður.

Þegar á þetta er litið og þegar hins vegar stúlkan samkvæmt vottorði lækneisins  $\frac{3}{4}$  1942 er enn eigi orðin frísk samkv. vottorði hans um bjúginn og eigi vísu um það, hvenær hún muni losna við óþægindi af slysinu, þá þykir 2000 kr. krafan ekki of há, og ber því að taka hana til greina.

Samkvæmt þessu verður þá öll krafan kr. 2974.72 minus kr. 8.75, eða kr. 2965.97.

En vegna þess, að stúlkan virðist eiga nokkra sök á slysinu, þó afsakanleg sé, þá ber aðeins að taka kröfuna til greina með kr. 2200,00 ásamt 6% vöxtum frá 12. marz 1942 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 381.50.

Vegna óvenjumikils annrikis dómans við sakamálsrannsóknir og sjópróf o. fl. hefur dómur þessi eigi verið kveðinn upp fyrr.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Gunnar Guðmundsson bifreiðarstjóri, Lækjargötu 16, Akureyri, f. h. óljálfráðs sonar hans, Kristins Gunnarssonar, greiði stefnandanum, Péttri Jónssyni skósmið f. h. dóttur hans, Elisabetar Pétursdóttur, kr. 2200.00 ásamt 6% vöxtum frá 12. marz 1942 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 381.50.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. október 1943.

Nr. 57/1943. **Garðar Þorsteinsson** (sjálfur)

gegn

**Haldis og Karl Gizke.** (Lárus Fjeldsted).

Útburðarmál.

#### Dómur hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. júní þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð stefndu. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndu hafa krafizt staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt húsaleigusamningnum átti leigusali að annast hitun hússins, og var endurgjald fyrir það falið í leigunni. Um mánaðamót september og október f. á. varð vanefnd á þessu af hendi þáverandi húseiganda, og urðu leigutakar hússins að annast hitun þess frá þeim tíma. Á sama tíma hófst dráttur á greiðslu húsaleigunnar af hendi stefndu, og hafa þau afsakað dráttinn með því, að þau hafi ekki náð fundi þáverandi húseiganda, enda óvissa um, hver frádráttur